

GÆÐASTAÐALL UM TAKMÖRKUN MEÐFERÐAR VIÐ LÍFSLOK

INNGANGUR:

Með auknum framförum í læknisfræði er unnt að viðhalda lífi fólks með langvinna sjúkdóma mun lengur en áður var. Umræðan um takmörkun meðferðar hefur í vaxandi mæli snúist um neikvæðan ávinning slíkrar lífslengjandi meðferðar á almenna líðan og lífsgæði einstaklinga.

STAÐALL:

Þegar nýr íbúi kemur á Sóltún, skal kanna hvort ákvörðun um takmörkun meðferðar hafi verið tekin. Sjálfsákvörðunarrétt íbúa ber umfram allt að virða og oft eru meðferðarúrræði fyrir einstaklinga með svipaða sjúkdóma ekki litin sömu augum. Engin algild meðferð er til sem hentar öllum einstaklingum, því verður ætíð að taka mið af persónulegu gildismati fólks t.d varðandi eftirtalin atriði:

1. að framlengja líf
2. að viðhalda færni í athöfnum daglegs lífs
3. að lifa með sem minnsta þjáningu

Meðferð skal þó alltaf vera í samræmi við viðurkennd læknisfræðileg markmið og læknisfræðilegt mat á kringumstæðum út frá sjúkdómsbyrði einstaklings og heildarástandi hans, á þann hátt að ákvörðunin um meðferðarform hvíli ekki eingöngu á íbúanum og/eða aðstandendum hans.

Markmið meðferðar við lok lífs er eins og við aðra meðferð að hjálpa sjúklingi og skaða hann ekki. Aldrei skal veita meðferð sem ekki þjónar hagsmunum einstaklings. Siðferðilega séð er enginn munur á að takmarka, hætta eða hefja meðferð. Meðferð sem lengir líf dauðvona sjúklings án þess að fela í sér lækningu eða líkn er ekki réttlæt看leg.

FRAMKVÆMDAVIDMIÐ:

Eftirfarandi 4 flokkar meðferðar eru skilgreindir:

1. Full meðferð: er skilgreind sem virk meðferð í bráðum veikindum og getur falið í sér lífgunartilraunir og sjúkrahúsinnlögn. Ef engin önnur meðferð hefur verið ákveðin er alltaf beitt fullri meðferð.

2. Full meðferð að endurlífgun: er skilgreind sem virk meðferð án tilrauna til endurlífgunar. Þessir einstaklingar eru þó meðhöndlaðir fullkomlega að öðru leyti og þar með talin gjörgæsluvistun fyrir meðferð bráðra vandamála, nema annað sé sérstaklega tekið fram. Við hjartastopp skal ekki gerð barkaþræðing, veitt öndunaraðstoð, hjartahnoð, rafstuð, lyf eða vökvar gefnir í æð.

3. Meðferð heima: má veita í bráðum veikindum, t.d. meðferð með sýklalyfjum og í völdum tilfellum dreypimeðferð. Þetta meðferðarform felur hvorki í sér lífgunartilraunir né innlögn á sjúkrahús.

4. Líknandi meðferð: er skilgreind sem einkenameðferð þar sem ekki er gripið til sjúkrahúsinnlagnar nema þegar slíkt getur talist til meðferðar, t.d. ef einstaklingur sem er langt leiddur af sjúkdómi, beinbrotnar. Meðferðin felur í sér líknandi hjúkrun svo og lyfjameðferð við verkjum og annarri vanlíðan. Þessu meðferðarformi er oftast beitt þegar sýnt þykir að dauðastund nálgast og gerir lífslokin sem léttbærust fyrir viðkomandi íbúa og aðstandendur hans.

Líknandi meðferð miðar fyrst og fremst að því að bæta lífsgæði íbúans og fjölskyldu hans er dauðinn nálgast, því bæði íbúi og aðstandendur hans tilheyra meðferðinni.

ÁRANGURSVIÐMIÐ:

Miðast við að veita heilðræna umönnun, þar sem litið er á einstakling í heild sinni, með líkamlegar, andlegar, félagslegar og trúarlegar þarfir. Umönnun einstaklings felur í sér að uppfylla þessar þarfir, ekki bara sem sjúklings, heldur fyrst og fremst sem manneskju.